



Aðalfundur Félags skógareigenda á Suðurlandi, laugardaginn 6. apríl, 2019 haldinn að Gunnarsholti.

Formaður félagsins, María E. Ingvadóttir setti 28. aðalfund Félags skógareigenda á Suðurlandi kl. 11 og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Tilnefning embættismanna fundarins. Stungið var uppá Hannesi Lentz sem fundarstjóra og Sigríði Hjartar sem fundarritara og var það samþykkt.
2. Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2018 og fylgir hún hér með óstytt:

Á heimasíðu okkar, skogarbondi.is, eru allar fundargerðir stjórnar og frásagnir af félagsfundum, þannig að líklega verður nokkuð um endurtekningar hjá mér, ég reikna með að þið lesið vandlega og reglulega allt sem fer á þessa ágætu síðu. Einnig vil ég benda þeim á sem ekki vita, að fésbókarsíðan **trjáræktarklúbburinn** er mjög fróðleg, og jafnvel hægt að leita þar ráða og þar eru góð skoðanaskipti varðandi ýmis vandamál, en líka um góðan árangur. Og ekki má gleyma vefsíðu Skógræktarinnar, skogur.is.

Eins og áður, hófst starfsárið á Jónsmessu, en farið var í Fljótshlíðina, í Heylæk til Sigurðar Haraldssonar og Elínar Snorradóttur. Veðurstofan spáði óveðri og ráðlagði fólki að halda sér heima við. Milli 20 og 30 manns, létu veðurspár ekki á sig fá og mættu í Heylæk. Í Heylæk er alvöru skógur og myndarlega staðið að öllu, það fengum við að sjá, en vegna veðurs var göngutúrin í styttra lagi. Við borðuðum saman og áttum góða stund í skemmuni í Heylæk.

Stjórnarfundir frá aðalfundi 2018 til ársloka voru 3 og aðrir 3 hafa þeir verið sem af er þessu ári. Strax síðasta vor, var farið að huga að undirbúningi aðalfundar LSE, sem að þessu sinni var haldinn á Suðurlandi og í okkar umsjón. Fundurinn var á Hótel Stracta, helgina 5. til 6. október. Allt gekk upp og fundurinn ágætur, málefnalegur og ræðumenn hver öðrum áhugaverðari. Hátíðardagskráin gekk vel, ungur söngvari, Birgir Stefánsson, gladdi hátíðargesti með söng sínum og móðir hans Katrín Sigurðardóttir, lék undir. Nota bene, hún er Húsvíkingur.

Hefðbundin skógarferð laugardagsins, var að þessu sinni í Ölversholt, þar sem er vaxinn upp myndarlegur skógur. Eigendur tóku vel á móti okkur og heimsóknin mjög ánægjuleg.

Annað sem tók tímann sinn, samhliða aðalfundarundirbúningi, var Landbúnaðarsýningin í Laugardalshöll, dagana 12. til 14. október. Þar voru skógarbændur með myndarlegan bás, sem tókst vel í alla staði, enda aðsóknin mjög góð og margir sem lýstu ánægju sinni með framtakið. Það er á engan hallað, þótt ég segi, að ásamt þeim Bjarka í Skógarafurðum og Hlyni Gauta frá LSE, áttum við skógarbændur á Suðurlandi, stærstan þátt í að vel tókst til. Það var mikil vinna að setja upp básinn, taka hann niður og standa vaktir þessa helgi. Frá Suðurlandi sýndum við reyniviðarhúsgögnin frá Múlakoti, taflmennina hans Halldórs í Efra-Seli, skífurnar hans Guðmundar á Flúðum, fuglana hans Úlla á Selfossi, lerkistólinn með gærinni og brettin, hennar Steinunnar, asparviðarborðin frá Sigurði í Ásgerði og síðast en ekki síst, sýndi Agnes galdra hunangsframleiðslunnar. Ég tel mikilvægt að skógarbændur taki framvegis þátt í þessari sýningu.

Á stjórnarfundum, er reglulega rætt um það, hvernig efla megi félagsstarfið. Fyrir utan heimasíðurnar sem áður voru nefndar, þar sem félagsmenn geta séð fundargerðir og þannig fylgst með umræðum og bollaleggingum um það, hverju helst þurfi að sinna, þá eru það fræðandi félagsfundir sem bestir eru taldir til að kalla fólk saman til skrafs og ráðagerða. Þó að þar sé ákveðin dagskrá, gefst félagsmönnum tækifæri til að taka til máls og viðra skoðanir sínar og koma með nýjar hugmyndir. Það þarf að fylgjast vel með því, þegar yngri kynslóðin tekur við skógarjörð, eða nýir skógarbændur bætast í hópinn, að bjóða fólk velkomið í félagið. Einnig, þegar bændur í hefðbundnum búskap, taka til við skógrækt, að þeir finni sig velkomna í okkar hópi.

Í nokkur ár, höfum við fylgst með undirbúningi og vinnu við gerð gróðureldabæklingins, Björn B. Jónsson hefur haldið okkur upplýstum um þessa vinnu. Fyrir nokkrum árum héldum við félagsfund í Efra-Seli, þar sem okkur voru kynnt tæki og tól, til að berjast við gróðurelda, við héldum einnig félagsfund með Birni og Brunavörnum Árnassýslu og nú er bæklingurinn kominn út, **Gróðureldar, forvarnir og fyrstu viðbröð**. Þið hafið mörg hver séð þennan bækling, en fyrir þá sem hafi ekki fengið hann, þá liggur hann hér frami. Á vefslóðinni **grodueldar.is** er bæklingurinn útfærður frekar og þar eru einnig aðrar nytsamar upplýsingar. Ég ráðlegg ykkur, að fara inn á þessa heimasíðu og lesa vandlega allt sem þar er. Við vonum það besta, en búum okkur undir hið versta. Það getum við gert á ódýran hátt, með útsjónarsemi og

fyrirhyggju í fararbroddi. Í framhaldi af útkomu gróðureldabæklingsins var haldið námskeið á Reykjum, það var vel sótt og mjög gagnlegt og verða þau væntanlega fleiri á Suðurlandi.

Í gangi er vinnuhópur, sem er að kynna sér reglur og kröfur sem liggja að baki viðurkenndum stöðlum og gæðamerkingum á timbri. Við skógarbændur erum að rækta tré, sem verða timbur einn daginn og það timbur á helst að fara í hæsta gæðaflokk. Til að svo megi verða, verður að hirða um trén með réttum hætti, snyrting og uppkvistun er vandaverk og ekki viljum við spilla fyrir gæðaflokkun í náinni framtíð. Hlynur Gauti mun fræða okkur um helstu atriði umhirðu hér á eftir, en fljótlega verður haldið námskeið á Reykjum um þetta mikilvæga verkefni. Ég vona að staðlahópurinn geti sem fyrst frætt okkur um þær vinnureglur sem við þurfum að tileinka okkur við umhirðu skóganna.

Á starfsárinu var nokkuð rætt um breyttar girðingareglur Skógræktarinnar og við hvaða vísitölu ætti að miða hækkanir á töxtum ársins. Haldnir voru samráðsfundir á Mógilsá. Við sendum inn athugasemdir við framlögð drög. Aðallega var tekist á um, við hvaða vísitölur ætti að miða hækkanir. Taxtarnir eru á heimasíðunni, skogarbondi.is. Verið var að velta fyrir sér, hvenær ætti að greiða fyrir nýjar girðingar og hvenær fyrir viðhald á þeim. Það eru ekki til nægir peningar til að gera allt, það er, að girða öll samningssvæði, áður en gróðursett er, en geta svo ekki gróðursett í svæðið, þar sem ekki eru til plöntur. Í stað þess sem nú er, að greiða fast árlega fyrir viðhald á girðingum, að greiða eftir framlögðum reikningum. Núverandi fyrirkomulag er þannig að greitt er hlutfallslega fyrir girðingar og viðhald þeirra. Ef ég man rétt, var vinnuþáttur bóndans metinn inn í þann taxa á sínum tíma. Það þarf að kanna frekar hvað Skógræktin hugsar sér, með nýju fyrirkomulagi. Er þá vinnan við viðhald girðinga ekki greidd, nema þegar um er að ræða aðkeypta verkataka. Eða á bóndinn að gefa út reikninga á sjálfan sig. Skógræktin hefur örugglega hugsað þetta til enda.

Loftslagsmál og skipulagning skógræktar voru á dagskrá félagsfundar síðastliðið vor hér í Gunnarsholti. Þar héldu mjög góð erindi, Árni Bragason og Anton Kári Halldórsson. Unnur Brá Konráðsdóttir, fulltrúi ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, kom á stjórnarfund í janúar síðastliðnum og fræddi okkur um hvað væri framundan, varðandi viðurkenningu á bindingu og vottun og hvernig haldið verður utan um kolefnisbókhaldið. Það er stefnt að því að halda með henni félagsfund, um leið og meira kjöt verður komið á loftslags- og bindingarbeinin.

Þar sem Skógræktin hefur boðað það, að færri trjátegundum verður úthlutað, fengum við Aðalstein Sigurgeirsson á félagsfund í febrúar, til að fræða okkur um, hvaða tegundir vænlegast væri að við reyndum að framleiða sjálf og hvernig best væri að bera sig að. Vel tókst til, vona ég að sem flestir reyna að koma til fleiri trjátegundum, þó ekki nema til að gera skógana okkar aðeins fjölbreyttari á litinn og kannski blómlegri.

Það hafa nokkur frumvörp, sem okkur varða, litið dagsins ljós á starfsárinu og höfum við reynt að bregðast við þeim og senda inn athugasemdir. Nefna má frumvarp um skóga og skógrækt og svo breytingartillögu við náttúruverndarfrumvarpið. Ég sagði bregðast við. Það er nauðsynlegt að fylgjast vel með hvað þeir eru að sýsla við, ráðherrar og þingheimur. Skógar og skógrækt er enn til umræðu á þinginu, breytingar á náttúruverndarlögum eru á leiðinni í umræðu. Svo virðist sem að það eigi að snara báðum þessum málum í gegn fyrir vorið. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur þessi mál á vef Alþingis, breytingartillögur á náttúruverndarlögum eru undarlegar, svo að ekki sé meira sagt. Þar er mjög vegið að umráðarétti og eignarétti landeigenda, sem eru jú aðallega bændur, þar með taldir skógarbændur.

Stefnt er að því að halda upp á Jónsmessuna á Snæfoksstöðum, í samvinnu við Böðvar og Skógræktarfélag Árnesinga. Ætlunin er að hafa Jónsmessuhátíðina veglegri en áður, kannski vísir að skógardegi með stórum staf. Ýmsar hugmyndir um dagskrá eru komnar á blað, en ekkert ákveðið ennþá. Í ár eru 30 ár frá því að Bændaskógrækt byrjaði á Suðurlandi og voru það frumkvöðlarnir í Hrosshaga, á Spóastöðum og á Galtalæk sem vöktu á því athygli við Björn. Við höfum rætt það aðeins, hvernig mætti halda upp á þessi tímamót, það mun einnig skýrast síðar. Orð Siggu Jónu gáfu eiginlega tóninn, „Hvað hefur gerst í 30 ár.“

Ég hef hlaupið hér yfir það helsta.

Ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir mjög gott samstarf á starfsárinu, bæði aðalstjórn og varastjórn, einnig eru skoðunarmönnum færðar bestu þakkir. Þá ber að þakka framkvæmdastjóra Landssamtakanna, Hlyni Gauta Sigurðssyni og starfsmönnum Skógræktarinnar fyrir samstarfið.

Síðast en ekki síst, viljum við þakka Sigríði Hjartar fyrir samstarfið öll þessi ár. Ritarastarfið er nákvæmnis- og vandaverk, en eins og sjá má við lestur fundagerða, var ekki kastað til höndum við fundaritun. Við lestur fundagerðanna, sérstaklega félagsfundanna, gladdist ég mjög og það kom mér reyndar stundum á óvart, hvað þessir fundir okkar voru málefnalegir, umræður einstaklega gagnlegar og bráðskemmtilegar.

Við færum Sigríði litla gjöf sem þakklætisvott, fyrir langt og gott samstarf.

3. Gjaldkeri, Bjarnheiður Guðmundsdóttir, kynnti ársreikning félagsins fyrir 2018.

Leitað var eftir fyrirspurnum og athugasemdum við skýrslu formanns og ársreikning, vakin var athygli á lágum vöxtum bankareiknings. Skýrslan og ársreikningur voru samþykkt samhljóða.

4. Kosning stjórnar. Kosið er í aðalstjórn til þriggja ára í senn, en í varastjórn til eins árs.

Á síðasta starfsári var stjórnin þannig skipuð: formaður María E. Ingvadóttir, ritari Sigríður Hjartar, gjaldkeri Bjarnheiður Guðmundsdóttir, meðstjórnendur Októ Einarsson og Sigurður Karl Sigurkarlsson.

Í varastjórn voru Hannes Lentz, Sigríður Heiðmundsdóttir og Hildur María Hilmarsdóttir.

Formaður hafði gegnt því starfi í 3 kjörtímabil, en gaf kost á því að sitja áfram. Sigríður Hjartar hafði sömuleiðis setið í aðalstjórn þar sem hún gegndi starfi ritara. Hún gaf ekki kost á sér í aðalstjórn.

Agnes Geirdal gaf einnig kost á sér sem formaður.

Gengið var til skriflegra kosninga og hlaut María 24 atkvæði í formannssætið en Agnes 17, einn seðill var auður.

Ísólfur Gylfi Pálmason gaf kost á sér til setu í aðalstjórn og sama gerði Hrönn Guðmundsdóttir.

Áður en til kosningar kom, dróg Ísólfur Gylfi framboð sitt til baka. Hrönn var því sjálfkjörin í aðalstjórn.

Hannes Lentz gaf kost á sér áfram í varastjórn.

Sigríður Jónína Sigurfinnsdóttir og Sigríður Hjartar gáfu sömuleiðis kost á sér. Ekki komu fleiri framboð til setu í varastjórn og varð hún því sjálfkjörin.

Stjórn FsS er því skipuð á eftirfarandi hátt: María E. Ingvadóttir formaður, í aðalstjórn Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Októ Einarsson og Sigurður Karl Sigurkarlsson. Í varastjórn eru Hannes Lentz, Sigríður Jónína Sigurfinnsdóttir og Sigríður Hjartar.

Skoðunarmenn reikninga hafa um árabíl verið Ragnar G. Ingimarsson og Halldór Elís Guðnason, þeir gáfu kost á sér áfram og voru samhljóða endurkjörnir.

Varaskoðunarmenn hafa verið Sigurður Jónsson og Sigurbjörg Snorradóttir, þau voru sömuleiðis endurkosin.

Að kosningum loknum fór Ísólfur Gylfi í pontu, sagðist vilja þakka fráfarandi ritara og varamönnum fyrir vel unnin störf. Fyrir honum hefði vakað að vilja tengja saman kynslóðir, fá yngra og áhugasamara fólk í stjórn og þess vegna dregið sig í hlé. Agnes óskaði nýju stjórninni til hamingju, kvaðst hafa gefið kost á sér til að brjóta upp og hún væri eftir sem áður eldheit í skógrækt.

5. Árgjald var kr. 10.000 á síðasta ári. Af því fóru kr. 6.500 til Landssamtakanna. Stjórnin lagði til að árgjaldið yrði óbreytt þetta ár kr. 10.000 og var það samþykkt.

Önnur mál.

Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda tók fyrstur til máls og þakkaði fráfarandi stjórn FsS og öllum félögum fyrir góð kynni og gott samstarf. Í máli sínu lagði hann einkum áherslu á þau málefni sem voru til umræðu á aðalfundi LSE s.l. haust og hvaða umfjöllun þau höfðu fengið á fundinum og innan stjórnar LSE. Meðal þess sem hann nefndi var óskinn um að flytja skógræktarmálin alfarið til landbúnaðráðuneytis. Hann taldi að flutningurinn væri ekki tímabær, þar sem fjármunirnir liggja hjá umhverfisráðuneytinu.

Sömuleiðis nefndi hann að Skógræktin lofaði bættu verklagi við uppgjör frá því sem verið hefði undanfarin ár, vonandi gengi það eftir.

Girðingarreglurnar hafa iðulega verið til umræðu á fundum með Skógræktinni. Breytt form er á greiðslum fyrir viðhald, þar sem lagfæringar á girðingum skal vinna í samráði við ráðunaut landshlutans, sama gildir um viðhald á slóðum. Ekki hafa komið auknir fjármunir til grisjunar, en vonast er eftir breytingum þar. Rætt var um verkefnaflutning frá Skógræktinni til landssambandsins en ekki er vilji til þess hjá Skógræktinni að svo stöddu.

Umræðan um tilgang LSE og aðildarfélaganna er flókin og í stöðugri vinnslu. Kolefnispakkinn – sölukerfi var kynnt á fagráðstefnunni, fróðlegur fyrirlestur þar um væri kominn á skogur.is.

Eins lýsti hann eftir nýjum hugmyndum fyrir næsta aðalfund LSE í Kjarnaskógi 11.- 13.október.

Við skógareigendur; gott samstarf væri við Bændablaðið um birtingu greina í öðru hverju blaði, greinarnar birtast líka á heimasíðu LSE.

Sem dæmi um verkefni í vinnslu nefndi hann Skógarfang, Gæðafjalir, viðarmagnsúttektina og þörf fyrir verktaka í gróðursetningu.

María formaður þakkaði fyrir traustið sem sér hefði verið sýnt og eins Agnesi fyrir að gefa kost á sér og hrista upp í félaginu. Hún vonaði að ný stjórn haldi

áfram á þeirri braut að vera vakandi yfir umræðu um hagsmuni skógarbænda. Skógareigendur eiga ekki alltaf aðkomu að nefndarvinnu og undirbúningi að málum er varða okkar hagsmuni, né breytingum á lögum er okkur varða. Því er mikilvægt að fylgjast vel með og gera athugasemdir þegar tilefni er til.

Sigurður Jónsson taldi að Hlynur Gauti hefði ekki nefnt tillögu Sigurðar á aðalfundi LSE um hlutverk félagsmanna að móta stefnu LSE.

Sigurður var einn þeirra 30 aðila sem stofnuðu FsS fyrir 27 árum og sat þar lengi í stjórn. Hann kvaðst alla tíð hafa verið málsvari þeirra sem vilja vinna að skógrækt. „Við þurfum að ræða hvar við erum stödd, hvort við séum félagslega búin að ná markmiðum okkar, þótt oft séu haldnir góðir og gagnlegir fræðslufundir um ýmis málefni vantar félagsfundi til að ræða stefnu og vilja félagsins.“

Hlynur Gauti kvað nokkrar tillögur varðandi tilgang LSE hafa komið fram á aðalfundinum og hann hafi almennt átt við þær í orðum sínum án þess að draga fram nöfn einstakra flytjenda.

Björn B Jónsson þakkaði fyrir umræðu innan FsS um brunavarnir. Kominn væri út bæklingur um málefnið sem lægi frammi og eins væri heimasíðan grodureldar.is mjög mikilvæg. Nú væri komin röðin að skógarbændum sjálfum og sinna eigin eldvörnum og fara eftir þeim leiðbeiningum sem til væru. Ný skógræktarlög verða væntanlega samþykkt í næstu viku. Framtíðin er björt með fjórföldun gróðursetninga.

Beðið var um kynningu á verkefninu Úrvinnsla á skógarafurðum. María varð til svara og sagði að þriggja manna nefnd hefði fundað reglulega í eitt og hálf ár og lagt mikla vinnu í að leita að hentugu húsnæði og tækjum, erfitt væri að byrja rekstur í of litlu húsnæði, sem kallaði á skammtímalausnir. Hún nefndi að gróðrarstöðin Kvistar væri til sölu og spurning væri að byrja á afurðavinnslu til hliðar við reksturinn. Vandinn væri að finna dugmikið fólk til að leiða verkefnið.

Í lokaorðum sínum sagði María:

Það á að efla nýskógrækt í landinu, það er kannski eðlilegt að ekki sé hugsað fyrir því að setja þarf fjögur hjól undir þann vagn, sem stendur eru þau líklega bara þrjú og þunkterað á einu þeirra.

Skógræktin er ný atvinnugrein, sem vonandi mun byggjast upp rólega, en markvisst og við verðum öll að taka þátt í því.

Brunavarnir og samstarf við sveitarfélög er nokkuð sem vinna þarf vel að. Einnig hvað varðar tryggingar á gróðurskemmdum.

Samstarf við Skógræktina þarf að vera gott og mikið og á jafnræðisgrunni. Ég býð nýjan stjórnarmann velkominn til starfa, svo og varastjórnarmenn.

Fundarstjóra og fundarritara þakka ég vel unnin störf á fundinum.

Eftir stutt matarhlé var aftur gengið til dagskrár.

Þorbergur Hjalti Jónsson sérfræðingur hjá Skógræktinni hélt einstaklega fróðlegt erindi um þéttleika alaskaaspar og byggði erindi sitt á niðurstöðum á mælingum á tilraunasvæðinu í Sandlækjarmýri.

Hann sýndi fram á að nánast línulegt samband er á fjarlægð milli trjáa og þvermáls þeirra. Aspirnar eru um 8 ár að ná tveggja m hæð, eftir það verður meðalhækkun því sem næst 55 cm/ár.

Erindi Þorbergs Hjalta er ekki unnt að gefa nein nothæf skil í stuttum úrdrætti og því vísast til skogur.is

Hlynur Gauti flutti sömuleiðis fróðlegt erindi um uppkvistun og snyrtingu trjáa, með kröfur um gæðareglur timburs í huga.

Hann kvað rétta tímann til að huga að snyrtingu trjáa þegar þau væru á bilinu 1,5 – 3 m á hæð, tvístofnar veiki tréð og of margar greinar í hringnum hefðu sömu áhrif. Í Bændablaðinu var nýlega fróðleg grein um þetta málefni eftir Hlyn Gauta og hana má sjá á skogarbondi.is.

Að fyrirlestri loknum var ekið upp í Gunnlaugslund, þar sem Hlynur Gauti og Bergur Þór Björnsson starfsmaður Landgræðslunnar í Gunnarsholti sýndu fundarmönnum ótrúlega skemmtilegt svæði með sjálfsáinni stafafuru. Þeir ræddu vöxt furunnar og hvernig ætti að klippa hana til að fá sem best tré til ólíkra nota.

Dagskránni lauk um kl. 16. Fundarmenn voru 47.

Fundarritari Sigríður Hjartar